

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 1995

3. febrúar 1995

45

Nr. 3

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Rannveig Guðmundsdóttir félagsmálaráðherra hefur, með vísan til 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnssýslulaga, vikið sæti við meðferð og úrskurð kæru um ákvarðanir bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um fjármálaleg viðskipti við fyrirtækið Hagvirki-Klettur hf. á árunum 1992 til 1994.

Í hennar stað hefur Þorsteini Pálssyni sjávarútvegs-, dóms- og kirkjumálaráðherra verið falið að fara með téð stjórnssýslumál og úrskurða í því.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 3. febrúar 1995.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.